

**ÞJÓÐ2BA05**

Þjóðhagfræði - framhaldsáfangi

**Áfanginn** er framhaldsáfangi á öðru þrepi.

**Undanfarar:**

Þjóð2AA05

**Stutt lýsing á efni áfangans:**

Í áfanganum vinnum við áfram með helstu hugtök hagfræðinnar. Í áfanganum er farið yfir helstu efnahagsmál hverju sinni og þau notuð til þess að skýra heim viðskipta og hagfræði. Notast er við raunveruleg dæmi úr fjölmiðlum, kvikmyndum og fleiri leiðum til þess að dýpka skilning nemenda á heimi viðskipta og hagfræði.

Sérstök áhersla er á hlutverk hins opinbera á markaði, við skoðum hvaða hlutverk seðlabankar hafa og hvaða hlutverk ríkið hefur á markaði. Þetta geta verið spurningar eins og - Getur hið opinbera beitt sér gegn neikvæðum ytri áhrifum eins og mengun? Hvaða tæki hafa opinbera aðilar til þess að hafa áhrif á verðbólgu eða atvinnuleysi? Hvernig getur hið opinbera hámarkað skattheimtu?

**Námsmat**

Fjölbreytt verkefnavinna og tímapróf